



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-01012/AIG-08**

Dags: **17. apríl 2012**

Staður: **Hólmsheiði**

Lýsing: **Hlekkvist á í landingu**

Fis TF-147 (Skyranger V-Fun) var í landingu á Hólmsheiði. Aðflugið var mjög eðlilegt. Fisið settist mjúklega á öll hjól og rúllaði eftir brautinni nokkra metra, en hraðinn fullmikill. Þegar flugmaðurinn ætlaði að draga af afli hreyfilsins, tók hann stýripinna aftur í stað inngjafarhandfangs. Við þetta fór fisið aftur á loft, reysti sig um ca 45°, flaug í um þriggja metra hæð, en þá var stýripinnanum slegið fram. Fisið kom harkalega niður á vinstra hjólið, skoppaði aftur í loftið og flaug um 7 metra uns það lenti að nýju. Talsverðar skemmdir urðu á fisinu.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. október 2013.